

Ed.

792. Frumvarp til laga

[289. mál]

um heyrnar- og talmeinstöð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 612 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Stofnunin skipuleggur ferðir sérfræðinga til aðstoðar heyrnardaufum úti á landi. Skulu slíkar ferðir farnar a. m. k. árlega. Stofnunin skal hafa náið samstarf við Háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík, enda sé henni ætluð framtíðarstaðsetning í þegar hönnuðum húsakynnum göngudeildar H.N.E. í Borgarspítalanum.

7. gr. hljóðar svo:

Stofnunin hefur sérfræðilega umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn allra nemenda Heyrnleysingjaskóla Íslands og leiðbeinir um meðferð þeirra. Skal þetta gert í fullu samráði við fræðsluyfirvöld. Sama gildir um sérdeildir heyrnadaufra í almennum skólum og um stofnanir og sérdeildir fyrir þroskaheft fólk.